

# Dagdeild öldrunar L-0 Landakoti



Símatími hjúkunarfræðinga er á milli kl. 08-10 og 13-14  
í síma 543 6120 / 543 9854

## Upplýsingar sjúklings

Dagar: \_\_\_\_\_

Sóttur kl.: \_\_\_\_\_

Læknir: \_\_\_\_\_

Hjúkrunarfr: \_\_\_\_\_

Sjúkraþjálfari: \_\_\_\_\_

Annar: \_\_\_\_\_

Áætlaður útskriftardagur: \_\_\_\_\_

## Starfsemi deildarinnar

Á deildinni fer fram endurhæfing aldraðra sem geta nýtt sér meðferð á daginn en dvalið heima á kvöldin og um helgar.

Akstursþjónusta til og frá heimili stendur til boða fyrir þá sem sækja endurhæfingu á deildinni. Einstaklingar dvelja á deildinni 4 – 5 klst. í senn, tvisvar eða þrisvar í viku á meðan á endurhæfingartímabilinu stendur.

Markmið deildarinnar er að aðstoða aldrað fólk við að viðhalda hæfni sinni og takast á við breytingar á heilsufari. Reynt er að fá góða yfirsýn yfir aðstæður hvers og eins og leitað er úrlausna í samvinnu við hvern einstakling og fjölskyldu hans.

Öldrunarlæknar senda inn tilvísun á dagdeild þegar þörf þykir á frekari endurhæfingu eftir komu skjólstæðinga á göngudeild, bráðamóttöku eða í framhaldi af spítalalegu.

## Þjónusta ýmissa fagaðila

Á deildinni er teymisvinna fagstétta.

**Hjúkrunarfræðingar** Hjúkrunarfræðingar veita einstaklingshæfða hjúkrun. Tilgreindur hjúkrunarfræðingur er ábyrgur fyrir hjúkrun hvers sjúklings og mun hann veita allar upplýsingar um meðferð og merðferðarmarkmið.

**Læknir** gerir læknisfræðilegt mat á ástandi sjúklings við komu.

**Sjúkraþjálfari** veitir einstaklingshæfða þjálfun. Hann útvegar hjálpartæki og veitir ráðgjöf eftir þörfum.

**Iðjuþjálfari** sér um að virkja sjúklinga og er einnig kallaður til í völdum tilfellum.

**Félagsráðgjafi** veitir upplýsingar um félagsleg réttindi og búsetuúrræði. Hann hefur milligöngu um að sækja um félagslega aðstoð og réttindi til Tryggingastofnunar.

**Sjúkrahúsprestur** kemur á deildina og veitir andlegan og trúarlegan stuðning fyrir þá sem þess óska.

Hægt er að fá tannlæknaþjónustu og þurfa sjúklingar að greiða fyrir það sjálfir

Auk þess er hægt að leita til sálfræðinga, næringarráðgjafa og annarra sérfræðinga.

## Fjölskyldufundir

Fjölskyldufundir með sjúklingi, lækni, hjúkrunarfræðingi og aðstandendum eru haldnir eftir þörfum. Lögð er áhersla á góð tengsl við aðstandendur og eru þeir hvattir til að ræða við hjúkrunarfræðing um meðferð sjúklingsins og líðan.

**Dagurinn á dagdeildinni:**

08.30-09.00	Morgunverður fyrir fyrri hóp
08.30-11.30	Þjálfun, samtöl og meðferð
11.30-12.00	Fræðsla / virkni
12.00-12.30	Hádegisverður
13.00-13.30	Fyrri hópur heimferð
13.00-15.00	Þjálfun, samtöl og meðferð
14.30-15.00	Kaffitími
15.00-15.30	Seinni hópur heimferð

Ath: Þeir sem eru sóttir eftir kl. 09 borða morgunverð heima.

Við hvetjum fólk til að taka með sér eigin dægurstyttingu að heiman s.s. prjóna, bækur eða annað að vild. Á deildinni er ýmislegt í boði í boði til dægurstyttingar s.s. bækur, hljóðbækur, litir, púsl og föndur.

**Lyf og lyfjagöf**

Einstaklingar koma með sín eigin lyf og bera ábyrgð á þeim. Hjúkrunarfræðingar aðstoða eftir þörfum hvers og eins. Ef um er að ræða flóknar lyfjagafir s.s. lyfjagjöf í æð, í vöðva eða innöndunarlyf mun hjúkurnarfræðingur deildar bera ábyrgð á að gefa þau lyf.

**Forföll**

Mikilvægt er að tilkynna forföll sem fyrst, hvort sem um er að ræða skammvinn forföll eða til lengri tíma s.s. vegna innlagnar á sjúkrahús.

**Veikindi**

Sé þörf á lækniástoð utan þess tíma sem dvalið er á dagdeild ber að leita til heimislæknis eða vakthafandi læknis á bæjarvaktinni.

Við þurfum að vita af slíkum veikindum eftirá og ekki síst ef ný lyfjameðferð er hafin.

Allt sem þú sérð og heyrir geymir þú með sjálfri/um þér.

Við biðjum þig vinsamlegast að gera ekki viðveru eða veikindi annarra sjúklinga að umtalsefni.

**Deildarstjóri** Guðný Valgeirsdóttir

**Aðstoðardeildarsjóri** Guðlaug Guðmundsdóttir

**Símanúmer deildarinnar er 543 6120**

Sjá upplýsingar á vef Landspítala: [www.landspitali.is/sjuklingar-adstandendur/deildir-og-thjonusta/dag-og-gongudeild-oldrunarlaekninga](http://www.landspitali.is/sjuklingar-adstandendur/deildir-og-thjonusta/dag-og-gongudeild-oldrunarlaekninga)

**Þjónustugjald:** kr.1.150– fyrir hvert skipti.  
Innheimt er með heimsendum gíróseðli.

---

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyrið um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

---

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI  
FLÆÐISVIÐ

6. ÚTGÁFA, APRÍL 2018

ÁBYRGÐ:

DAG- OG GÖNGUDEILD L0/L1

HÖNNUN:

SAMSKIPTAEILD